

FS: Fwd Hæfivanhæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshrepp

Til : Kristín Jónsdóttir <kristin.jonsdottir@skorradalur.is>;Pétur Davíðsson <petur@skorradalur.is>;Óli Rúnar Ástþórsson <oli.runar.astthorsson@skorradalur.is>;Guðný Elíasdóttir <gudny.eliasdottir@skorradalur.is>

Frá : Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>

CC : Sigrún Guttormsdóttir Þormar <sigrunth@skorradalur.is>

Heiti : FS: Fwd Hæfivanhæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshrepp

Málsnúmer : 2309008

Málsaðili : Skorradalshreppur

Skráð dags : 17.01.2024 15:55:00

Höfundur : Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>

Viðhengi ~WRD0003.jpg~WRD0003.jpg
image001.gifimage001.gif

Frá: Flosi Hrafn Sigurðsson

Sent: miðvikudagur, 17. janúar 2024 15:46

Til: Jón Eiríkur Einarsson

Efni: RE: Fwd Hæfivanhæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshrepp

Sæll Jón

Neðangreint er skrifað með þeim fyrirvara að ég hef ekki getað eytt löngum tíma í djúpar greiningar á efninu. Í grunninn tel ég svar Innviðaráðuneytisins gagnlegt. Ef ég fer yfir hvern aðila fyrir sig sem rætt er um vanhæfi vegna:

A – sviðsstjóri hjá Borgarbyggð.

Ekkert liggur fyrir að fyrirhugaðar sameiningarviðræður muni hafa sérstök áhrif á þennan starfsmann Borgarbyggðar. Verði sameining samþykkt gætu vissulega aukist eitthvað verkefni innan þess sviðs sem um ræðir, en það ætti þó ekki að valda neinum sérstökum hagsmunum, viðkomandi fengi væntanlega ekki hærri greiðslur vegna starfs síns né ætti álag að aukast svo um munar. Afar ólíklegt er að slíkir hagsmunir séu til staðar sem haft gætu áhrif á vanhæfi viðkomandi. Eins og kemur þó fram í samskiptum við Innviðaráðuneyti hefur ekki reynt á nákvæmlega slíkt tilvik sem hér er fyrir hendi.

B – Oddviti Skorradalshrepps þiggur laun sem slíkur

Fyrir liggur að verði sameining samþykkt mun bæði oddviti Skorradalshrepps, sem og aðrir hreppsnefndarmenn missa laun sem slíkir. Þrátt fyrir það liggur jafnframt fyrir að sameiningarkosningar yrðu væntanlega aldrei á öðrum tíma en við næstu sveitarstjórnarkosningar, en þá missa viðkomandi hreppsnefndarmenn og oddviti hvort sem er umboð sitt og greiðslur. Það væri jafnframt nokkuð öfugsnúið ef hreppsnefndarmenn og oddviti gætu ekki afgreitt tillögur um sameiningu vegna þess að þeir þiggi laun vegna starfa sinna hjá hreppnum. Það er a.m.k. afar ólíklegt að þetta teldist vanhæfi í skilningi sveitarstjórnar- og stjórnarsýslulaga af þessum sökum.

C – Hreppsnefndarmaður hefur þegið verktakagreiðslur hjá hreppnum

Hvað hreppsnefndarmann C varðar þá er mögulega mesta óvissan um hæfi hans. Ástæða þess er að hann þiggur laun sem verktaki sem er ótengt starfi hans sem hreppsnefndarmaður. Ef fyrir liggur að viðkomandi hreppsnefndarmaður hafi af því fjárhagslega hagsmuni að sameining verði ekki samþykkt vegna væntra tekna af

vinnu fyrir sveitarfélagið er mögulegt að litið yrði á það sem sérstaka persónulega hagsmuni hans muni reyna á það í meðferð slíks máls hjá ráðuneyti eða fyrir dómstólum. Hér skiptir þó auðvitað máli hvort viðkomandi hreppsnefndarmaður á tilkall til áframhaldandi vinnu til framtíðar sem verktaki á grundvelli samnings við sveitarfélagið. Ef sú er ekki raunin eru minni líkur á að hann teljist vanhæfur. Jafnframt skiptir í þessu máli að um grundvallarhagsmuni er um að ræða fyrir alla íbúa sveitarfélagsins, og myndi það koma inn á matið á mögulegu vanhæfi viðkomandi hreppsnefndarmanns.

Hallast verður að þeirri niðurstöðu að hreppsnefndarmaður C, sé ekki vanhæfur, en það liggja engin skýr fordæmi fyrir um sambærileg mál svo erfitt er að fullyrða um niðurstöðu slíks máls.

Ég tek fram að ofangreint var unnið á nokkuð skömmum tíma og mögulegt væri að kafa aðeins dýpra í efnið og vísa til heimilda, en miðað við samskiptin var óskað eftir álitum fyrir kl. 17 í dag.

Endilega hafðu samband ef spurningar vakna.



Flosi H. Sigurðsson
lögfræðingur / stjórnslusvið
Netfang: flosi@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.

From: Jón Eiríkur Einarsson
Sent: miðvikudagur, 17. janúar 2024 11:21
To: Flosi Hrafn Sigurðsson
Subject: Fwd: Fwd Hæfivanhæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshrepp

Sæll Flosi
Ég sendi þér nú einnig svar IRN og langar að biðja þig um að túlka það örlítið fyrir mig
Með fyrir fram þökk

Bestu kveðjur
Jón

Senta úr [Outlook fyrir Android](#)

From: Björn Ingi Óskarsson <bjorn.i.oskarsson@irn.is>
Sent: Tuesday, January 16, 2024 5:50:41 PM
To: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>
Subject: Re: Fwd Hæfivanhæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshrepp

Sæll Jón,

Biðst velvirðingar á seinum svörum. Í ljósi eftirlitshlutverks ráðuneytisins með stjórnslu sveitarfélaga, sbr. 109. gr. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga getur ráðuneytið eingöngu veitt almennar leiðbeiningar um hæfisreglur sveitarstjórnarréttar á þessu stigi málsins.

Sú almenna regla gildir í sveitarstjórnarrétti í málum sem enda ekki með töku stjórnvaldsákvörðunar sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, eins og á við um sameiningaferli sveitarfélaga, gildir 2. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga um hæfi þeirra sveitarstjórnarmanna sem koma að undirbúningi og meðferð slíks ferils. Í ákvæðinu segir að sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélags ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo *sérstaklega* að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Þarf því að horfa til þess hvort að niðurstaða máls varði viðkomandi sveitarstjórnarmanns svo *sérstaklega* og verulega að ætla má að þátttaka hans við málsmeðferðina geti valdið efasemdum út á við, sjá nánar álit ráðuneytisins frá 16. janúar 2023 nr. IRN22080026. Sjá álitid hér: <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit/-stakur-urskurdur/?newsid=70d45c78-9bc3-11ed-9bb5-005056bc4727&cname=%C3%81lit%C2%A0%C3%A1%20svi%C3%B0i%20sveitarstj%C3%B3rnarm%C3%A1la>

Í stuttu máli þarf að leggja þarf hlutlægt mat á hvort að niðurstaða málsins hafi áhrif á fjárhagslega eða persónulega hagsmuni sveitarstjórnarmannsins í hverju tilviki fyrir sig.

Við fáum ekki séð að dómstólar eða aðrir eftirlitsaðilar, svo sem ráðuneytið eða umboðsmaður Alþingis, hafi áður tekið til skoðunar með beinum hætti hvort að sveitarstjórnarmaður sé vanhæfur til að taka þátt í undirbúningi og meðferð sameiningarferils sveitarfélaga, ef hann er starfsmaður annars sveitarfélagsins. Hægt er þó að benda á ýmis sjónarmið sem eftirlitsaðilar og fræðimenn hafa fjallað um varðandi túlkun á því hvenær sveitarstjórnarmaður á sérstaka og einstaka hagsmuni í fyrirliggjandi máli sem kunna að eiga við slíkt mat.

1. Almennt hefur verið litið svo á að starfsmenn sveitarfélaga geta tekið þátt í sveitarstjórn þess sveitarfélags sem þeir starfa hjá. Á það getur þó reynt við meðferð einstakra mála hvort að þeir hafi sérstaka hagsmuni að gæta, ef niðurstaðan er til þess fallin að hafa áhrif á persónulega hagsmuni sveitarstjórnarmannsins sjálfs eins og áður var getið. Í úrskurði ráðuneytisins frá 16. júní 2005 var til að mynda fjallað um ákvörðun sveitarstjórnar um að fækka kennslustöðum í grunnskóla sveitarfélagsins úr tveimur í einn. Þrjú fulltrúar í sveitarstjórn áttu mögulega hagsmuni að gæta. Einn var í 86% starfi við ræstingar og var ljóst að við fækkunina yrði einungis þörf fyrir einn ræstiteknir. Taldi ráðuneytið að hann hefði því verið vanhæfur. Einn átti maka sem var í 50% starfi í mótuneyti skólans, sem fyrirséð var að yrði lagt niður. Hann var einnig talinn vanhæfur. Sá þriðji hafði atvinnu af skólaakstri og lá þá fyrir að vegalengdir í skólaakstri myndi lengjast með fækkuninni. Ekki var hins vegar talið að hagsmunir hans væri verulegir og var hann ekki vanhæfur, sjá <https://www.stjornarradid.is/gogn/urskurdir-og-alit/-stakur-urskurdur/?newsid=33f32b36-61f9-11e8-942c-005056bc530c&cname=%C3%9Arskur%C3%B0ir%20og%20%C3%A1lit%20%C3%A1%20svi%C3%B0i%20samg%20og%20sveitarstj%C3%B3rnarm%C3%A1la%20fr%C3%A1%201996%20til%201.%20jan%C3%BAar%202011>
2. Þegar mál varðar mögulega framtíðarhagsmuni sveitarstjórnarmanns kemur eingöngu til að greina að hann teljist vanhæfur ef hægt er telja nægilega *fyrirsjáanlegt* og *raunhæft* að sveitarstjórnarmaðurinn gæti umræddra hagsmuna. Sjá Pál Hreinsson, Stjórnsluréttur Málsmeðferð, bls. 323-25. Kann því að koma til skoðunar hvort að það sé nægilega fyrirsjáanlegt að sameining sveitarfélaganna hafi áhrif á fjárhagslega hagsmuni sveitarstjórnarmanna.
3. Það er óskráð regla í stjórnslurétti að þegar stjórnslunefndir taka ákvörðun um innri verkaskiptingu þá verði sérstakir nefndarmenn ekki vanhæfir til þátttöku í afgreiðslu slíkra mála þótt þeir kunni að hafa persónulegra hagsmuni að gæta og hefur þessi regla einnig talin eiga við um störf sveitarstjórnar á grundvelli 2. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. álit umboðsmanns Alþingis nr. 4752/2005. Undir regluna hafa t.d. fallið kosningar um oddvita og störf sveitarstjórnar, kjör í nefndir á vegum sveitarfélag o.fl. Ekki verður séð að reynt hafi á með beinum hætti hvort að reglan eigi við þegar sveitarstjórn fjallar um sameininga sveitarfélaga.

Þá er rétt að hafi í huga að skv. 6. mgr. 20. gr. tekur sveitarstjórn ákvörðun um hæfi sveitarstjórnarmanns til

meðferðar og afgreiðslu einstakra mála og vanhæfur sveitarstjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð þess á neinu stigi (í því felst einnig að ekki er heimilt að bóka stuttlega afstöðu sína um málið).

Einnig má benda á að ítarlega umfjöllun um sérstakar hæfisreglur í stjórnáætlun og í sveitarstjórnarrétti er að finna í bók Pál Hreinssonar, Málsmeðferð stjórnáætlun, bls. 247-403, í bók Trausta Fannar Valssonar bls. 91-116 og svo einnig bók Páls Hreinssonar um hæfisreglur stjórnáætlun. Í ljósi þess að ráðuneytið getur eingöngu veitt almennar leiðbeiningar um þær reglur og sjónarmið sem líta þarf til við mat á hæfi sveitarstjórnarmanna og að ekki liggur fyrir skýrt fordæmi um þetta úrlausnarefni, þá væri eðlilegt að sveitarfélagið leiti til sérfræðinga innan eða utan sveitarfélagsins eða Sambands íslenskra sveitarfélaga til að leggja nánari mat á það hvort að hagsmunir sveitarstjórnarmanna í þessu tilviki séu fyrirsjáanlegir, raunhæfir, sérstakir og verulegir.

Með kveðju, Björn I

Björn Ingi Óskarsson, lögfræðingur
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Tilvísun í mál: IRN24010006

Frá: Jón Eiríkur Einarsson

Til: Innviðaráðuneyti

Sent: 9.1.2024 13:54:14

Efni: Fwd Hæfivanhæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshrepp

Góðan daginn og gleðilegt ár

Það væri mér til mikillar ánægju ef ykkur tækist að svara fyrirspurn minni hið fyrsta þar sem ég get ekki hafið óformlegar viðræður við Borgarbyggð fyrir en svör við fyrirspurnum mínum fást einhver svör .

Með fyrir fram þökk
Jón Eiríkur Einarsson
Oddviti Skorradalshrepps

Senta úr [Outlook fyrir Android](#)

Frá: Jón Eiríkur Einarsson <jone@skorradalur.is>

Sent: laugardagur, desember 30, 2023 9:19:00 e.h.

Til: irn@irn.is <irn@irn.is>

Efni: Hæfi/vanhæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshrepp

Sæl

Hér kemur fyrirspurn frá Oddvita Skorradals um hæfi/vanhæfi hreppsnefndarmanna Skorradalshrepps í óformlegum viðræðum við Borgarbyggð um sameiningarmál.

Með von um skjót svör.

Kær kveðja,

Jón Einarsson

Oddviti Skorradalshrepps